

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 3. september 2024
Málsnúmer: 202407-0053
IAS

Efni: Melahverfi, 3. áfangi. Auglýsing tillögu. Nýtt deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Hvalfjarðarsveit, frá 25. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna nýs deiliskipulags fyrir 3. áfanga Melahverfis.

Um að ræða deiliskipulag nýrrar íbúðarbyggðar austan við núverandi byggð, nefnt Melahverfi 3. Svæðið er óbyggt. Aðkoma að því er um núverandi aðkomu af Vesturlandsvegi, um Bugðumel og nýja götu í hverfinu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 68 íbúðum. Skipulagssvæðið er um 8,2 ha. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Svæðið er utan allra verndarsvæða og þar er ekki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Fram kemur í greinargerð með deiliskipulaginu að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar sé um að ræða þéttbýli og annað manngert land, graslendi og lúpínu. Það er ekki rétt þar sem vistgerðakortið sýnir að þarna sé m.a. grasengjavist, starungsmýravist og gulstararflóavist með hátt til mjög hátt verndargildi. Það skal þó tekið fram að vistgerðakortið er ónákvæmt í þessum mælikvarða og því þyrfti að skoða svæðið betur.

Náttúrufræðistofnun er ekki með aðrar ábendingar á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

